



ORKUSTOFNUN
Auðlindadeild

Alþingi
Erindi nr. P 128/1761

komudagur 16.4. 2003

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
<http://www.os.is>

Alþingi - Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. apríl 2003
Tilvísun: 2003030023

Efni: Frumvarp til laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður Þingeyjarsýslu.

Með bréfi dagsettu 18. mars 2003 er óskað eftir umsögn Orkustofnunar um frumvarpið.

Meginálit Orkustofnunar er að breytt lagaumhverfi frá því að gildandi lög voru sett gefi tilefni til að fella núverandi lög úr gildi. Orkustofnun gerir ekki athugasemd við að um Mývatn og Laxá og nánasta nágrenni þeirra verði sett sérlög, en fyrir svæðið að öðru leyti virðist stofnuninni að markmiðum þessara laga verði náð með ákvæðum annarra laga, svo sem náttúruverndarlaga (nr. 44/1999), laga um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000) og eftir atvikum lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (nr. 7/1998).

Meginmarkmið með verndun Mývatns og Laxár skv. frumvarpinu er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns og Laxásvæði og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Lögin eiga ennfremur að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár svo að það helsta sé nefnt. Orkustofnun telur að mikilvægasta markmið þessarrar lagasetningar sé að vernda einstætt lífríki Mývatns og þess sem einkum gefur Laxá sérstöðu meðal straumvatna á Íslandi, sem er urriðastofn Laxár. Orkustofnun telur að mikilvægasta markmið þessarrar lagasetningar sé að vernda einstætt lífríki Mývatns og þess sem einkum gefur Laxá sérstöðu meðal straumvatna á Íslandi, sem er urriðastofn Laxár.

Samkvæmt ofangreindu meginsjónarmiði telur Orkustofnun alla vega 2. málsgrein 2. gr frumvarpsins óþarfa, og allt sem henni tengist í frumvarpi þessu. Umhverfisráðuneytinu er í lófa lagið að fela Umhverfisstofnun að ljúka þeim verkefnum sem þessu tengjast í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu.

Samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er öll sú starfsemi sem gæti valdið spjöllum starfsleyfissskyld, og samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum er það á valdi umhverfisráðherra að beina framkvæmdum á vatnasviði Mývatns í mat á umhverfisáhrifum ef vafi leikur á hvort viðkomandi framkvæmdir falli undir lögin og eðlilegur grunur leikur á að þær geti varðað verndun Mývatns og Laxár (skv. 2. gr.).

Orkustofnun gerir athugasemd við 3. gr. sem fjallar um framkvæmd friðlýsingar skv. 1. mgr. 2. gr. Samkvæmt 3. gr. eru aðeins þær framkvæmdir heimilar sem nauðsynlegar eru og eðlilegar teljast fyrir búskap á lögbýlum. Breytingar á hæð stöðuvatna og rennsli straumvatna eru fortakslaust óheimilar nema til verndunar og ræktunar. Ekki er annað að skilja en að verði þessi grein samþykkt svona verði ómögulegt að koma rekstri Laxárvirkjunar í eðlilegt horf, sbr. næsta kafla (um orkuvinnslusvæði).

Orkustofnun leggur til að inn í aðra setningu 1. mgr. 3. gr. laganna verði skotið nýju

efnisatriði og setningin hljóði svo: Þó skulu heimilar framkvæmdir sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast fyrir búskap á lögbýlum og aðra þá starfsemi sem hefur áunnið sér hefðarrétt, enda valdi þær ekki spjöllum á náttúruverðmætum að mati Umhverfisstofnunar. Næstu setningu þar á eftir verði einnig breytt og hún verði svohljóðandi: *Breytingar á hæð stöðuvatna og rennsli straumvatna eru óheimilar ef sýnt þykir að þær valdi breytingum á meginvistgerðum vatnasvæðisins að mati Umhverfisstofnunar.*

Orkuvinnslusvæði á vatnasviði Mývatns og Laxár

Innan þess svæðis sem ákvæði lagafrumvarpsins nær til er Laxárvirkjun, Kröfluvirkjun, og Námafjall með Bjarnarflagi þar sem fram fer vinnsla á gufu vegna verksmiðjureksturs, raforkuvinnslu og til hitaveitu sveitarfélagsins. Landsvirkjun keypti á sínum tíma gufuveitu ríkisins í Bjarnarflagi og með lögum um raforkuver (nr. 60/1981) er iðnaðarráðherra heimilt að veita Landsvirkjun leyfi til að reisa og reka jarðvarmavirkjun í Bjarnarflagi við Námafjall (Bjarnarflagsvirkjun) með allt að 40 MW afli, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Samkvæmt lögum nr. 38/2002 er iðnaðarráðherra heimilt að veita Landsvirkjun leyfi fyrir stækkun Kröfluvirkjunar í allt að 220 MW. Landsvirkjun hefur undirbúið 40 MW stækkun hennar úr 60 í 100 MW og lokið við mat á umhverfisáhrifum, þar sem Skipulagsstofnun hefur gefið jákvæðan úrskurð. Landsvirkjun hefur þegar hafið undirbúning að stækkun umfram 100 MW með áformuðum rannsóknarborunum á svæði vestan núverandi Kröfluvirkjunar sunnan Leirhnjúks.

Í ákvæðum til bráðabirgða er kveðið á um að vinnu við verndaráætlun (skv. 6. gr.) á svonefndu verndarsvæði, sem er vatnasvið Mývatns og Laxár, skuli vera lokið fyrir 1. janúar 2005, og friðlýsingu þeirra svæða þar sem það á við fyrir 1. janúar 2007. Ofangreindur undirbúningur að nýtingu háhita til orkuvinnslu hefur farið fram á grundvelli gildandi laga, og ekki ljóst hvort þessi undirbúningur að verndaráætlun hafi áhrif þar á. Að líkindum ekki því að í skýringum við ákvæði til bráðabirgða má skilja að friðlýsing muni alfarið byggja á fyrirliggjandi skilgreiningu á því hvaða landsvæði á Mývatnssvæðinu hafa mest verndargildi.

Gildandi lög **um verndun Mývatns og Laxár** voru upphaflega sett í kjölfar sáttasamnings í svonefndri Laxárdeilu. Samkvæmt honum var Laxá 3 gerð án inntakslóns og hefur rekstur virkjunarinnar verið erfiður frá upphafi. Stafar það annars vegar af því að vélbúnaður virkjunarinnar er gerður fyrir mun meira fall en núverandi mannvirki leyfir, þ.e. inntakslón Laxár 2, og auk þess hafa verið miklir erfiðleikar vegna sandburðar. Þessar aðstæður valda miklu álagi á vélarnar og viðhaldskostnaði sem er mjög íþyngjandi fyrir reksturinn. Að mati Orkustofnunar verður í eitt skipti fyrir öll að taka á því hvort haldi megi áfram rekstri virkjunarinnar með viðunandi hætti. Frumvarpið gerir ráð fyrir að leyfa megi framkvæmdir innan þeirrar starfsemi sem lýtur að landbúnaði, þar með talið lax og silungsveiðum, sem á sér hefð á svæðinu. Rekstur virkjunar í Laxá hlýtur einnig að hafa aflað sér hefðarréttar, þar sem hann hófst 1939, eða löngu fyrir setningu laganna 1974. Það samkomulag sem Laxárvirkjun býr við nú var gert við mjög sérstæðar aðstæður og vafasamt hvort menn hafi séð fyrir þá erfiðleika sem við er að etja.

Að mati Orkustofnunar verður að huga að framtíð Laxárvirkjunar. Því má spyrja:


Myndi u.þ.b.10 m hækkun inntakslóns, sem yrði innan gljúfurveggja ofan núverandi lóns, stofna í hættu þeim megin markmiðum sem menn hafa um verndun árinna? Staðurinn er á mörkun tveggja vistkerfa ef svo má segja, með Laxár-urriðann ofan við og Laxár-laxinn neðan við. Fyrir virkjun voru Brúarfossar náttúruleg hindrun á göngu laxins upp fyrir, og

hefur virkjunin svo sem engu um það breytt, nema þá að gera það torveldara að gera laxinum leið upp fyrir. Í þeim skilningi gegnir virkjunin e.t.v. hlutverki við að viðhalda Laxár-urriðanum. Lónið þyrfti í engu að breyta rennslisháttum í ánni neðan við virkjun, heldur eingöngu verka sem setgildra og tryggja vatnsþrýsting á vélar, sem er nær því sem þær eru gerðar fyrir, en er við núverandi aðstæður. Slíkt lón myndi tryggja rekstur Laxárvirkjunar. Spyrja verður hvort ekki séu nægilega ríkir hagsmunir fólgnir í því að skapa virkjuninni viðunandi rekstrarskilyrði sem í senn tryggir a) atvinnu og tekjur fyrir lítið sveitarfélag og b) að mannvirkjum virkjunarinnar verði við haldið svo að til sóma sé. Orkustofnun leggur þá merkingu í sjálfbæra þróun (1. gr.) að hún eigi við fjölbreytt skilyrði mannlífs á svæðinu í heild, auk framvindu náttúrunnar. Því leggur stofnunin til að við endurskoðun laganna verði tekið tillit til ofantalinna sjónarmiða um framtíð Laxárvirkjunar 3.

Aðrar athugasemdir

Að lokum varar Orkustofnun við því að grunnvatnssvatnasvið Mývatns verði skilgreint með lögum eins og virðist stefnt að sbr. 2. mgr. 2. gr frumvarpsins. Sú afmörkun sem er í gildi nú byggist á gerð rennslislíkans fyrir afrennsli 3 meginfljóta norðan Vatnajökuls, sem allar hafa sterk grunnvatnseinkenni (lindáreinkenni). Þær eru Jökulsá á Fjöllum, Laxá í Aðaldal og Skjálfandafljót. Vatnasviðunum milli þessara vatnsfalla er skipt í samræmi við mælt, en einkum þó reiknaða hlutdeild í grunnvatnsstraumum. Orkustofnun er þess fullviss að þessi mörk muni eitthvað breytast við sérhverja endurskoðun rennslislíkana eftir því sem þau gögn sem byggt er á verða betri. Þess vegna telur stofnunin skynsamlegra að gera ráð fyrir að vatnasviðið verði nánar tilgreint í reglugerð, sem einfaldara er að breyta ef endurskoðun rennslislíkana gefur tilefni til.

Ef Alþingi fellst á nauðsyn þess að viðhalda sérlögum skv. þessu frumvarpi er lagt til að vatnasviðskortið verði tengt þeim aðgerðum sem stefnt er að skv. ákvæðum til bráðabirgða, en jafnframt vísað til þess að um þessa afmörkun verði fjallað í reglugerð eftir því sem best er vitað hverju sinni.

Virðingarfyllst

Þorkell Helgason
orkumálastjóri